



30. fundur stjórnar LH 2022-2024
24. október 2024 kl. 20:30
Hótel Vesturlandi

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Hákon Hákonarson, Ólafur Gunnarsson.

Mætt úr varastjórn: Birna Tryggvadóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Randi Holaker.

Forföll boðuðu:

Fjarverandi: Edda Rún Ragnarsdóttir, Gróa Björg Baldvinsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerðar

2. Umsókn um Íslandsmót – Erindi frá Hestamannafélaginu Sörla

Hestamannafélagið Sörli sækir hér með um að fá að halda Íslandsmót fullorðinna og íslandsmót barna og unglinga á eftirtöldum árum á félagssvæði Sörla í Hafnarfirði.

- Árið 2025
- Árið 2026
- Árið 2027

Alls er um að ræða sex (6 íslandsmót)

Hestamannafélagið Sörli vill leggja mikinn metnað í það að skapa nýja og bættu umgjörð um Íslandsmótin. Félagið verður búið að opna glæsilega reiðhöll vorið 2025 og mun leggja áherslu á að mótssvæðið verði allt hið glæsilegasta og vellir og keppnissvæði í hæsta gæðaflokki.

- Ástæða þess að félagið óskar eftir því að fá að halda mótin 3 ár í röð, er sú að félagið hyggst leggja í kostnað við að byggja upp aðstöðu og ímynd Íslandsmóta, umgjörð þeirra og „vörumerki“ sem síðan mun nýtast síðari mótshöldurum.
- Sörli ætlar ekki að halda Íslandsmót, eins og þau hafa verið haldin áður, heldur setja metnað sinn í það að búa til landsmótsstemningu á Íslandsmóti og setja nýjan mælikvarða á það hvernig Íslandsmót eigi að vera, metnaðurinn er mikill.
- Til að byggja upp þekkingu hjá Sörlafélögum, byggja upp færni hjá starfsfólks mótsins, sjálfboðaliðum og stjórnendum, er nauðsynlegt að ekki sé um „einn viðburð að ræða“ sem síðan verði ekki endurtekinn fyrr en eftir mörg ár.
- Til að sækja fjármagn til Hafnafjarðarbæjar, telur félagið að Sörli þurfi að sýna fram á að peningum bæjarins sé ekki varið í framkvæmdir og aðgerðir sem nýtist ekki bara einu sinni, heldur verði nýttar í mörg skipti. Hafnafjörður hefur slagorðið „Hafnafjörður íþróttabærinn“. Áætlanir Sörla falla vel að þessu markmiði bæjarins.
- Sörli telur að fjármunum sé betur varið og auðveldara verði að markaðssetja mót, sem ekki er aðeins haldið einu sinni á sama stað. Fyrirsjáanleiki er lykilatriði í þessu.
- Félagið telur einnig að það gæti gagnast keppendum mjög vel að mótin séu haldin á sama stað í 3 ár í röð. Þeir þekki þá mótssvæðið, velli, aðstöðu og fólk.



- Félagið hefur yfir að ráða 32 hesta félagshúsi sem mun standa þeim keppendum til boða sem þurfa á því að halda, sem hafa um langan veg að fara. Einnig er á félagssvæðinu mikill fjöldi góðra húsa sem nýst gætu þeim sem á slíku þurfa að halda.
- Félagið telur að nú sé tækifæri til að breyta ímynd Íslandsmóta og er tilbúið að taka þátt í því að hefja þau til vegs og virðingar, með breyttri nálgun á framkvæmd mótanna, framboð afþreyingar, glæsilegri aðstöðu og nýjungum í tengslum við Íslandsmót.

Stjórn Sörla hefur samþykkt umsókn þessa á fundi sínum og hefur falið undirrituðum formanni félagsins að senda inn umsókn þessa til Landssambands hestamannafélaga. Lögð er áhersla á að öllum mótunum sé úthlutað til félagsins sem pakka.

Félagið vonar að ekki verði horft á þessa umsókn sem einhvern gleypihátt, heldur verði horft á umsóknina út frá þeim metnaði og áhuga sem Sörli vill leggja í mótahaldið.

Afgreiðsla: Umsókn móttækin og rædd. Formaður Sörla gefst færi á að kynna hugmyndina frekar á Landsþingi.

3. Gullmerkjahafar á Landsþingi

Samþykkt var að veita 8 aðilum gullmerki á Landsþingi, fyrir óeigingjörn störf í þágu hestamennskunnar.

4. Önnur mál

Eiðfaxi sækist eftir að vera með útsendingu frá formanns- og stjórnarkjöri á Landsþingi.

Afgreiðsla: Beiðni hafnað.

Formaður þakkaði stjórn LH 2022-2024 fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf.
Fundu slitið kl. 21.00.